

## AUGLÝSING um hreindýraveiðar árið 2024.

Heimilt er að veiða allt að 800 hreindýr árið 2024. Þessi heimild er veitt með fyrirvara um að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðum sem kalli á endurskoðun fjölda veiðiheimilda. Veiðitími tarfa er frá 15. júlí til og með 15. september. Frá 15. júlí til 1. ágúst er einungis heimilt að veiða tarfa sem ekki eru í fylgd með kúm og að veiðarnar trúfli ekki kúr og kálfa í sumarreit. Veiðitími kúa er frá 1. ágúst til 20. september. Fyrstu tvær vikur veiðitíma kúa skulu veiðimenn og leiðsögumenn í lengstu lög forðast að fella mylkar kúr og veiða eftir fremsta megni geldar kúr.

Óheimilt er að veiða kálfa. Veturgamlir tarfar eru alfriðaðir og miðast tarfaveiði því við tveggja vetra og eldri tarfa.

Veiðiheimildir árið 2024 skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra:

	Kúr	Tarfar	Alls
Svæði 1	95	90	185
Svæði 2	15	15	30
Svæði 3	40	50	90
Svæði 4	35	9	44
Svæði 5	35	45	80
Svæði 6	25	80	105
Svæði 7	110	65	175
Svæði 8	15	22	37
Svæði 9	27	27	54
<b>Samtals</b>	<b>397</b>	<b>403</b>	<b>800</b>

Umhverfisstofnun auglýsir og sér um sölu allra veiðiheimilda.

Veiðisvæðin og skipting þeirra eftir sveitarfélögum er óbreytt frá fyrra ári.

Þrátt fyrir skiptingu veiðiheimilda eftir veiðisvæðum getur Umhverfisstofnun, í samráði við Náttúrustofu Austurlands, flutt veiðiheimildir milli samliggjandi veiðisvæða þyki sýnt að hjarðir hafi fært sig milli þessara veiðisvæða eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilefni til, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um stjórn hreindýraveiða nr. 486/2003.

Á veiðisvæði 8 er heimilt að úthluta allt að 7 leyfum af kúaveiði frá 1. til 20. nóvember til þess að dreifa veiðiálagi á hjarðir á veiðisvæðinu.

Á veiðisvæði 9 er heimilt að úthluta allt að 17 leyfum af kúaveiði frá 1. til 20. nóvember til þess að dreifa veiðiálagi á hjarðir á veiðisvæðinu.

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. reglugerðar um stjórn hreindýraveiða, nr. 486/2003, er Umhverfisstofnun heimilt að gera ráðstafanir til þess að veiði dreifist sem jafnast á veiðitímann á hverju svæði.

Veiðiheimildir þessar eru auglýstar í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 486/2003 um stjórn hreindýraveiða með áorðnum breytingum, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar, sbr. 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með áorðnum breytingum.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 17. janúar 2024.*